



Aganefnd HSÍ | Úrskurður 06.02. '19

Úrskurður aganefndar 6. febrúar 2019

Eftirtalið mál lá fyrir og var tekið til úrskurðar:

1. Jóhann Birgir Ingvarsson leikmaður FH hlaut útilokun með skýrslu vegna grófs leikbrots í leik Gróttu og FH í mfl. ka. þann 3.2.2019. Dómarar meta að brotið falli undir reglu 8:6. Leikmaðurinn var úrskurðaður í eins leiks bann á síðasta fundi aganefndar en málinu var að öðru leyti frestað um sólarhring með hliðsjón af 3. gr. reglugerðar HSÍ um agamál.

Greinargerð barst frá FH vegna málsins.

Aganefnd hefur skoðað gögn málsins, þ.m.t. myndbandsupptöku af atvikinu og telur brotið réttilega heimfært af dómurum leiksins sem brot gegn reglu 8.6. Niðurstaða aganefndar er eins leiks bann til viðbótar við það bann sem hann hlaut með úrskurði aganefndar, dags. 5. febrúar 2019, eða alls tveggja leikja bann vegna atviksins. Aganefnd vekur jafnframt athygli á stighækkandi áhrifum leikbanna, skv. 1. mgr. 11. gr. reglugerðar HSÍ um agamál.

Úrskurðurinn tekur gildi á hádegi fimmtudaginn 7. febrúar 2019.

Fleiri mál lágu ekki fyrir.

Úrskurðinn kváðu upp Sverrir Pálmason, Arnar Kormákur Friðriksson og Arnar Þór Sæþórsson.

